

Stjórnarfundur í síma fimmtudaginn 18. okt 2018

Mættir voru : Vignir, Eysteinn, Magnús og Sveinn. Jón og Hallveig boðuðu forföll.

Dagskrá :

1. Erindi frá BÍ sambandi við Landsmót ehf.
2. Félag hrossabænda gerist aðili að myndabanka WorldFeng fyrir sína félagsmenn.
3. Innleiðing á gjaldtöku á hrossaafurðum.
4. Félag hrossabænda (búgreinin) fái aðild að búvörusamningi milli BÍ og ríkisins.
5. Fjárhagsáætlun næsta árs.
6. Rafræn skráning á fylskoðunum.
7. Önnur mál.

Stjórn félagsins hefur borist erindi frá formanni BÍ þar sem FHB býðst hlutur BÍ í Landsmóti ehf gegn því að taka yfir hlutverk og skyldur BÍ í því félagi. Landsmót ehf hefur það megin verkefni að standa að landsmóta haldi. Ágæt umræða var meðal stjórnarmanna um hvort hluturinn í BÍ verði þegin og skyldur teknar yfir. Okkur er málið vissulega skylt, landsmótahaldið er hestamenskunni mikilvægt í öllu tilliti og mikilvægt að Félag hrossabænda geti haft sín áhrif áfram á hvernig umfang og þátttaka kynbótahrossa mun vera í framtíðinni. Stjórnarmenn munu því taka málið upp á komandi aðalfundi. Stjórnarmenn fjalla um það að FHB kaupir aðgang að myndabanka WorldFengs fyrir sína félagsmenn en aðgangur býðst fyrir 350 kr/ pr félagsmann á ári. Allir á því að þetta sé skemmtileg viðbót fyrir félagsmenn enda myndabankinn að stækka mikið frá ári til árs. Stjórn fyrir sitt leiti samþykk því að fara þessa leið en jafnframt þyrfti að hækka félagsgjald sérstaklega sem þessum kostnaði nemur. Ákveðið að leggja fyrir aðalfund hvort þetta verði innleitt.

Fundarmenn ræða innleiðingu á afurðagjaldi en engin tekjustofn er tiltækur til að taka þátt í eða styðja markaðsstarf eftir að verðskerðingarsjóður var lagður niður. Allir sammála því að fyrir aðalfundinn verði lögð ályktun frá stjórn þess efnis að leitast verði eftir innleiðingu gjaldtöku.

Fjárhagsleg staða félagsins rædd í ljósi þess að félagið ekki að ná áætluðum tekjum í gegnum félagsgjöld. Ljóst að leita þarf allra leiða til að að halda kostnaði í lágmarki og mun verða horft í alla þætti í rekstri félagsins svo að jafnvægi náist milli gjalda og tekna.

Það er jafnframt ákveðið að formaður sendi formlegt erindi á stjórn BÍ þar sem óskað væri eftir því að Félag hrossabænda verði aðili að búvörusamningi milli ríkis og bænda með beinum hætti enda ekkert eðlilegt að hrossabændur standi utan beins stuðnings.

Formaður greinir frá vinnu sem hann og ábyrðarmaður hrossaræktarsvið hafa verið að vinna að og lýtur að rafrænni skráningu á fylskoðunum. Um yrði að ræða skráningu af hálfu dýralæknis þar sem rafrænn ferill yrði virkjaður. Þetta mun verða kynnt á komandi aðalfundi.

Undir önnur mál var komandi aðalfundur ræddur s.s skipulag og fl.

Fleira ekki gert.